



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Iceland

Ø (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 7. apríl 2008
Tilvísun: UST20080300080/sk

Frumvarp til laga um efni og efnablöndur

Vísað er í bréf Umhverfisnefndar Alþingis dagsett þann 13. mars s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfverfisstofnunar um frumvarp til laga um efni og efnablöndur, 431. mál, EES-reglur.

Almennt um frumvarpið

Haft var náið samráð við Umhverfistofnun af hálfu Umhverfisráðuneytis við gerð þessa lagafrumvarps. Lagafrumvarpinu er ætlað að vera nægileg lagastoð til að unnt verði að innleiða reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingar og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Innleiðing verður í formi íslenskrar reglugerðar með vísun í ofangreinda EB-reglugerð. Mikilvægt er að REACH reglugerðin verði að fullu innleidd fyrir 1. júní 2007 en þá hefst forskráning efna sem er nauðsynleg fyrir þau fyrirtæki sem ætla að skrá efni.

Ennfremur er lögunum ætlað að styrkja innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 648/2004 um þvottaefni þar sem lagastoð hefur vantað til að innleiða þá reglugerð að fullu. Lagastoðina er nú að finna í 4. grein frumvarpsins.

Helstu athugasemdir:

Um Efnastofnun Evrópu:

Reglugerð EB nr 1907/2006 mælir fyrir um stofnun Efnastofnun Evrópu sem hefur nú verið staðsett í Helsinki. Eftir innleiðingu þessarar reglugerðar er stefnt að því að Ísland verði fullgildur þáttakandi í þessari nýju stofnun. Skv. 100 gr. reglugerðar EB nr. 1907/2006 skal Efnastofnun Evrópu hafa réttarstöðu lögaðila hér á landi. Ætla má að lagastoð vanti fyrir þessu og því mætti bæta nýrri grein við lögini þar sem staða Efnastofnunarinnar er skýrð með tilliti til þessa.

7. gr. Öryggisblöð

Telur stofnunin að gera þurfi grein fyrir hverjum sé skylt að afhenda öryggisblöð í samræmi við 31. grein reglugerðar EB nr. 1907/2006 og leggur stofnunin því til að 1. málsl. 1. mgr. hljóði svo:

"Birgjar skulu láta öryggisblað fylgja við afhendingu efnis til eftirnotanda eða dreifanda, hvort sem það er hreint eða í efnablöndu, ef það fellur undir einn eða fleiri af eftirtöldum liðum:"

9. gr. Eftirlit og framkvæmd

Umhverfisstofnun styður þá fyrirætlan umhverfisráðuneytis að endurskoða eftirlit með efnim og efnablöndum þar sem það eftirlit er nú flókið og í höndum margra aðila. Nauðsynlegt er að vinna við slika endurskoðun hefjist sem allra fyrst.

Ný grein:

Við reglugerð 1907/2006 munu bætast nokkrir viðaukar og tengdar reglugerðir sem að miklu leyti munu eingöngu verða efnalistar og prófunaraðferðir sem fáir munu lesa nema örfair sérfræðingar sem munu að miklu leyti koma til með notast frekar við enskan texta en þann íslenska. Því er ástæða til að skoða hvort þörf sé á að leggja út í dýran þýðingarkostnað á slíkum gerðum og birta þær frekar beint á ensku í sjórnartíðidnum. Umhverfisstofnun leggur því til að eftirfarandi grein verði bætt við frumvarpið:

x.gr.

Birting reglugerða:


Reglugerðir sem settar eru samkvæmt lögum þessum má birta í heild eða að hluta í B-deild Stjórnartíðinda á ensku ef um er að ræða efnalista eða ef reglugerðin varðar einungis afmarkaðan hóp manna sem með sanngirni má ætlast til að skilji hið erlenda mál vegna menntunar sinnar eða annarrar sérhæfingar


Kostnaður Umhverfisstofnunar

Í umsögn fjármálaráðuneytis sem fylgir með lagafrumvarpi þessu kemur fram að árleg aukning rekstarkostnaðar Umhverfisstofnunar vegna frumvarpsins sé 20,8 milljónir kr. Í þeiri umsögn er enn fremur gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun geti nýtt sér 20 m.kr. fjárveitingu sem stofnunin fékk á nýsamþykktum fjárlögum, til að standa undir ofangreindum kostnaði vegna innleiðingar REACH reglugerðarinnar.

Umhverfisstofnun vill benda á að þær 20 m.kr. sem úthlutaðar voru til Umhverfisstofnunar á fjárlögum fyrir árið 2008 voru ætlaðar til ákveðinna verkþátta. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að þessum 20 m.kr. væri ætlað að standa undir 1) styrkingu á starfsemi stofnunarinnar á sviði EES mála 2) innleiðingu reglugerðar um efni og efnavörur (REACH) 3) innleiðingu tilskipunar um leyfisveitingar vegna sæfiefna og 4) esflingu skráningar til að meta útstreymi og losun mengandi efna. Með hliðsjón af ofangreindu mótmælir stofnunin því að henni sé gert að taka alla þá fjárhæð sem Alþingi ákvað að ætti að fara í framangreinda 4 málaflokka í einungis einn af þeim. Við nánari greiningu á kostnaði vegna frumvarps þessa leiddi í ljós mun hærri kostnað Umhverfisstofnunar við innleiðingu og framkvæmd en upphaflega var gert ráð fyrir við gerð fjárlaga ársins 2008. Og til frekari rökstuðnings vill stofnunin vísa í skýrslu utanríkisráðherra, Ísland á innri markaði Evrópu, þar sem tiltekið er að mikil af nýrri löggjöf hafi litið dagsins ljós á sviði umhverfismála og mikilvægi virkrar og öflugrar hagsmunagæslu og vöktunar hvað varðar umhverfismálin. Með því að ráðstafa framangreindum 20 m.kr. í aðeins einn þátt af fjórum í stað þess að leiðréttu grunn stofnunarinnar mun það óhjákvæmilega hafa mikil áhrif á hina þrjá þættina sem minnst er á í fjárlögunum og möguleika stofnunarinnar til virkrar og öflugrar hagsmunagæslu.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri


Sigríður Kristjánsdóttir
sérfræðingur